

Engin sátt enn um gagnagrunn á heilbrigðissviði

GAGNAGRUNNUR Á HEILBRIGÐISSVIÐI er til umræðu í Læknablaðinu. Í þetta sinn er reynt að gefa yfirlit yfir það nýjasta; greint er frá viðbrögðum við veitingu rekstrarleyfisins til handa Íslenskri erfðagreiningu og fyrirhugaðri málsókn Mannverndar og ýmissa einstaklinga á hendur íslenska ríkinu. Á síðustu tímum hafa hlutirnir gerst svo hratt að erfitt er fyrir Læknablaðið, sem kemur mánaðarlega, að velja til frásagnar það sem lesendur hafa enn áhuga á jafnframt því reyna að upplýsa lækna um heildarstöðu mála. Þótt allmargir lækna hafi lýst afdráttarlausri skoðun sinni á gagnagrunninum, til lasts eða lofs,

hefur Læknablaðið einnig orðið þess vart að til eru þeir sem vilja tjá sig af mikilli varfærni um málið, og bera ýmsu við. Klínískum læknum finnst ef til vill að þeir séu staddir í átökum milli hagsmuna sjúklinga og vilja heilbrigðisyrvalda, og að þeir eigi að sýna báðum aðilum hollustu, en það kann að reynast torratað. Margir eru búnir að gera upp hug sinn um hvernig brugðist muni við og væntir Læknablaðið þess að fá að heyra og birta skoðanir lækna um málið.

VILHJÁLMMUR RAFNSSON

Efnisyfirlit 1999 í réttri stærð!

ÞEIR ÁSKRIFENDUR LÆKNABLAÐSINS sem binda það inn eða halda því til haga með öðrum hætti hafa eflaust lent í nokkrum erfiðleikum með að koma efnisyfirliti ársins 1999 sem að vanda fylgdi fyrsta tölublaði þessa árs heim og saman við tölublöð ársins. Ástæðan var sú að í fögnuði okkar yfir nýju útliti og stærra broti blaðsins hvarflaði ekki annað að okkur en að prenta efnisyfirlitið í

sama broti og nýja blaðið en gleymdum því í flýtinum að vitaskuld tilheyrir það gamla árinu.

Nú höfum við bætt úr þessu með því að prenta efnisyfirlitið í gamla brotinu og geta þeir sem vilja haft samband við ritstjórnina og fengið það sent um hæl, sér að kostnaðarlausu. Við biðjumst velvirðingar á þessu ódagoti.

Frágangur fræðilegra greina

Höfundar sendi tvær gerðir handrita til ritstjórnar Læknablaðsins, Hlíðasmára 8, 200 Kópavogi. Annað án nafna höfunda, stofnana og án þakka sé um þær að ræða. Greininni fylgi yfirlýsing þess efnis að allir höfundar séu lokaformi greinar samþykkr og þeir afsali sér birtingarrétti til blaðsins.

Handriti skal skilað með tvöföldu línubili á A-4 blöðum. Hver hluti skal byrja á nýrri blaðsíðu í eftirtalinni röð:

- Titilsíða, höfundar, stofnanir, lykilorð
- Ágrip og heiti greinar á ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

Tölur og myndir skulu vera á ensku eða íslensku, að vali höfunda.

Tölvuunnar myndir og gröf komi á disklingi ásamt útprenti. Tölvugögn (data) að baki gröfum fylgi með.

Sérstaklega þarf að semja um birtingu **litmynda**.

Eftir lokafrágang berist allar greinar á tölvutæku formi með útprenti. Taka skal fram vinnsluumhverfi.

Sjá upplýsingar um frágang fræðilegra greina: <http://www.icemed.is/laekna-bladid>

Umraðuhluti

Skilafrestur er 20. undanfari mánaðar, nema annað sé tekið fram.